

# Að bera tekkolíu á húsgögn

## Efni

International Teak Oil eða tekkolía er sérstaklega ætluð fyrir tekkvið og hentar bæði innan- og utandyra. Tekkolían smýgur vel inn í viðinn og ver hann, hvort sem um er að ræða innihúsgögn, garðhúsgögn, palla og skjólveggi eða þilför úr tekki. Hún styrkir og ver yfirborðið og auðveldar þrif á viðnum. Tekkolían byggir á hefðbundinni skandinavískri formúlu úr lín- og tungolíu, þ.e. bestu harðviðarvörn sem völ er á. Hún inniheldur jafnframt ryðvörn fyrir yfirborð úr málm.

## Meðhöndlun

1. Ef viðurinn er illa farinn, orðinn grár eða með föstum óhreinindum, skal nota hreinsinn Teak Restorer. Hreinsiefnið hreinsar upp gamlar olur og óhreinindi en hjálpar viðnum einnig að ná upprunalega viðarlitnum án þess að skemma hann. Bleytið viðinn með vatni og berið hreinsinn á með pensli eða tusku. Látið standa á viðnum í 10-15 mínútur og skrúbbið með húsgagna-stálull ef þess þarf. Þvoið viðinn með hreinu vatni í lokin. Endurtakið þessa aðgerð eftir þörfum. Við þvottinn getur viðurinn ýfst upp. Ef það gerist skal strjúka yfir flötinn með sandpappír nr. 220.
2. Til þess að best til takist þarf viðurinn að vera hreinn og þurr. Berið 2-4 þunnar umferðir á flötinn af Teak Oil með pensli eða tusku og þurrkið umframolíu af eftir 10 mínútur. Snertið ekki viðinn fyrr en olían er orðin þurr.

Athugið: **Kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér** og verður að bleyta í þeim með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað.

**\*Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

## Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði.

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss

**Gljástig:** Matt

**Litur:** Glær

**Þynning:** Þynnið ekki

**Verkfæri:** Tuska og pensill

**Þurrktími:** 16-24 klst, fer eftir hita og rakastigi

**Yfirmálun:** 8 klst.

**Þekja:** 4-10 m<sup>2</sup>/l (fer eftir þurrk í við)

**Hreinsun:** Penslasápa

